



Alþingi  
nefndasvið

SÍBS | Icelandic Patients Association

Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland  
+354 560 4800 | sibs@sibs.is

MEÐ TÖLVUÞÓSTI

*Umsögn um Félög til almannaheilla, 785. mál*

SÍBS leggur eindregið að Alþingi taka frumvarp til laga um félög til almannaheilla af dagskrá þingsins og vísa málinu til gagngerrar endurskoðunar í ráðuneyti, þar sem haft verði viðtækt samráð við frjáls félagasamtök og einstaklinga sem vinna að góðgerðarmálum. Annars vegar eru alvarlegir vankantar á frumvarpinu og grunnforsendum fyrirhugaðrar lagasetningar, og hins vegar eru fyrir hendi aðrar leiðir að sama marki innan gildandi lagaramma, sem ekki krefjast íþyngjandi og yfirstýrandi löggjafar sem vegur að félagafrelsi í reynd.

Flestir eða allir innan raða frjálsra félagasamtaka virðast vera sammála um að stefna beri að þeim markmiðum að léttu skattaumhverfi félagasamtaka, svo sem vegna erfðafjárskatts, afsláttar tekjuskatts af gjafafé eða vegna virðisaukaskatts.

Afstaða SÍBS allt frá 2015 hefur hins vegar verið sú, að sérstök lög um félög til almannaheilla séu óþörf, íþyngjandi og yfirstýrandi, með sérrefsiákvæðum og gangi inn á svið annarra laga, auk þess að vera til þess fallin að bregða fæti fyrir starfsemi félaga sem ekki ráða við að uppfylla strangar formkröfur frumvarpsins og þurrka upp styrkjaumhverfi þeirra, svo ekki sé talað um einstaklingsframtak í ýmsum þjóðþrifamálum. Frumvarpið setji jafnvel skorður við félagafrelsi í reynd og sé andstætt anda stjórnarskrárinnar.

SÍBS telur að öllum framangreindum markmiðum megi ná án lagasetningar, til dæmis með einfaldri aðgreiningu félaga án arðsemiskröfu með skráningu hjá fyrirtækjaskrá með sama hætti og RSK getur nú þegar veitt ehf. og öðrum félögum skattalegar ívilnanir hafi þau ákvæði um arðgreiðslubann í samþykktum sínum.

Fullyrðingar í umræðu og greinargerð um að löggin einfaldi, skýri eða auki traust eru umdeilanlegar eða rangar. Jafnvel má færa rök fyrir því að frumvarpið skerði félagafrelsi. Afar erfitt mun einnig reynast að velja og hafna hvaða skilgreining á „almannaheillafélagi“ sé ásættanleg fyrir skráningu.

Loks er áréttað að félagið Almannaheill talar ekki fyrir þann yfirgnæfandi meirihluta frjálsra félagasamtaka sem ekki eru aðilar að Almannaheillum og óheppilegt ef félagið upplifist sem einhvers konar sameiginlegur málsvari í almennt umræðu.

### Vöntun á skilgreindri og rökstuddri þörf

- Hið opinbera hefur nú þegar að nógildandi lögum viðtækar heimildir til eftirlits með öllu sem styrkt er með opinberu fé eða tryggt er af hinu opinbera.
- Frekari eftirlitsheimildir, skýrsluskil og endurgreiðslukvöð er hægt að binda í samninga, svo sem reyndin er í styrkjasamningum velferðarráðuneytisins og fleiri aðila.
- Skil milli félagagerða og skráning í fyrirtækjaskrá RSK er skýr og einföld eins og hún er. Hægt væri að bæta við flokki félaga án arðsemiskröfu án þess að lagasetningu þurfi til, líkt og gert er þegar einkahlutafélögum með arðgreiðslubanni er veitt undanþága frá tekjuskatti.



- SÍBS er ósammála fullyrðingum um að sérstök löggjöf muni skjóta sterkari stoðum undir starfsemi félaga, eða gera félagsmönnum kleift að skilja félögin betur eða reka þau betur.
- Traust til félagasamtaka byggir á orðspori en verður ekki fengið með lagasetningu. Þvert á móti myndi fyrsta hneykslismálið sem tengist skráðu félagi til almannaheilla verða til að sverta orðspor þeirra allra.
- Gildandi löggjöf dugir vel til að halda utan um allt umhverfi félagasamtaka, þar á meðal bókhald, ársreikninga, misferli og refsiverða háttsemi. Afar óviðeigandi er að setja sérstök ákvæði um slíkt í lög um félög til almannaheilla.
- Stjórnarskráin gerir ráð fyrir félagafrelsi. Sérstök löggjöf mun skerða þennan rétt í reynd, alveg sama hvort það er valkvætt að undirgangast lög.

### Íþyngjandi og yfirstýrandi

- Þar sem fastlega má gera ráð fyrir því að opinberir aðilar setji þau skilyrði um fjárstuðning eða samninga við félagasamtök, að þau uppfylli lög, sé líklegt að fjölmörg smærri félög sem ekki hafa burði til að framfylgja lögnum hljóti þar með ekki styrki og leggi upp laupana í kjölfarið.
- Sektir og fangelsi allt að tveimur árum gildir fyrir alla sem greina vísitandi rangt frá einhverju sem hefur með félagið að gera, sem gerir opinbera umræðu allt að því hættulega, því auðvelt er að bera þessar sakir á menn; einnig virðist það varða það sektum eða allt að tveggja ára fangelsi að hafa áhrif á úrslit kosninga (e.t.v. jafnvel með því einu að semja um stuðning á aðalfundi).
- Frumvarpsdrögin innihalda nákvæmar reglur og forskriftir m.a. um fundahöld og kosningar og t.d. að aðalfundur einn megi selja fasteignir, sem lamar starfsemi stjórna félaganna og viðbragðshraða þeirra til ákvarðanatöku því oft eru aðalfundir félagasamtaka haldnir á tveggja eða þriggja ára fresti.
- Flest félög myndu þurfa að breyta stjórnskipan sinni og lögum frá grunni.. Gríðarlega erfitt yrði fyrir mörg félög að ná innri samstöðu um svo veigamiklar breytingar.
- Verði frumvarpið að lögum verður ekki annað séð en að allt einstaklingsframtak muni með tímanum leggjast af því lögum passa ekki utan um slíkt. Mörg dæmi má nefna um mikinn árangur af slíku starfi.

### Innri ósamkvæmni og árekstrar

- Hugtakanotkun er óskipuleg á köflum svo sem með aðgreiningu félagsfundar og aðalfundar og hvor fundurinn er réttþærri.
- Skilgreining er gefin á stjórn, en fyrirbærið „fulltrúi“ er sett fram án skilgreiningar og fyrirbærið „fulltrúaráð“ er vakið til lífsins, sömuleiðis án nánari skilgreiningar.
- Víðtækar heimildir eru til að leysa upp félög sem sinna ekki tilteknum upplýsingaskyldum eða starfa ekki samkvæmt eigin samþykktum jafnvel þótt enginn hafi borið skaða af slíku ósamræmi; fyrirtækjaskrá eru veittar heimildir til valdboðs og refsinga.
- Nánari athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins má sjá í viðauka.

### Aðrar leiðir að sama marki

SÍBS hefur því lagt fram til umræðu tvær meginhugmyndir um hvernig áfram mætti vinna að markmiðum um óhagnaðardrifið félög og auknar skattalegar ívilnanir þeim til handa án sérstakrar lagasetningar:



## 1. Skráning hjá fyrirtækjaskrá

Fyrirtækjaskrá RSK skráir nú þegar fjölbreytta flóru félaga án arðsemiskröfu og veitir þeim skattalegar ívilnanir skv. gildandi lögum sem góðgerðarfélög njóta nú þegar. RSK gæti skerpt á þessari skráningu eða aðgreint félög með og án arðsemiskröfu, t.d. með því að áskilja að slík félög

- A. hefðu staðlaða klausu í samþykktum sínum um að ekki sé gerð arðsemiskrafa til félagsins og/eða að fé þess skuli varið til góðgerðarstarfsemi, og
- B. skiluðu ársreikningi til fyrirtækjaskrár ef ársvelta þeirra væri yfir tiltekinni fjárhæð.

Svona verkferli er þegar fyrir hendi hjá fyrirtækjaskrá og má framkvæma án lagabreytinga. Í framhaldinu gætu svo slík félög sótt um sérstakar skattaívilnanir til RSK eftir því sem lög leyfa, líkt og t.d. einkahlutafélög geta gert ef samþykktir þeirra innihalda klausu um að ekki sé gerð til þeirra arðsemiskrafa.

## 2. Kynna betur núverandi lagaumhverfi

- Skattamál: Vinna áfram með núverandi lagaramma, enda eru félagasamtök nú þegar undanþegin skattskyldu ef hagnaði þeirra er einungis varið til góðgerðarmála. Þetta mætti útvíkka í skattalögum með frekari fríðindum til félaga án arðsemiskröfu (N3-félög).
- Eftirlit, endurskoðun og stjórnslá: Vinna áfram með núverandi lagaramma og eftirlit, enda getur Ríkisendurskoðun þegar krafist gagna, reikningsskila og greinargerða um starfsemi og árangur, frá öllum þeim aðilum sem þiggja fé eða ábyrgðir af ríkinu.
- Bókhaldsskylda, ársreikningar o.þ.h.: Vinna áfram með eftirlit með lögum um bókhald og lög um ársreikninga, en þessi lög gilda þegar um starfsemi félagasamtaka sem stunda atvinnurekstur, fjáröflun eða fjárvörslu.
- Samningar um verkefni og styrki: Kynna opinberum aðilum betur hvaða réttindi þeir hafa til eftirlits og upplýsinga frá aðilum sem njóta styrkja og tryggja að ávallt séu gerðir skýrir samningar um styrki sem hnykkja á ofangreindu.
- Aðgreining samkeppnisrekstrar: Vinna áfram með lög um einkahlutafélög, þar sem nú þegar er hægt að sækja um undanþágu frá skattskyldu ef samþykktir einkahlutafélagsins kveða á um að ekki sé gerð arðsemiskrafa til félagsins. Þetta form getur hentað félagasamtökum vel sem vilja aðgreina atvinnurekstur frá öðru félagsstarfi.
- Upplýsingarit: Kynna mætti betur hvaða reglur gilda nú þegar um félagasamtök, t.d. með útgáfu á vegum RSK.

Reykjavík, 2. maí 2019

Guðmundur Löve,  
framkvæmdastjóri SÍBS

Viðauki: Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

SÍBS leggst enn sem fyrr eindregið gegn setningu laga um félög til almannaheilla og telur þau óþörf, íþyngjandi, yfirstýrandi og til þess fallin að bregða fæti fyrir starfsemi félaga sem ekki ráða við að uppfylla strangar formkröfur frumvarpsins.

149. löggjafarþing 2018–2019.  
Þingskjal 1245 — 785. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

Fullyrðingar í umræðu og greinargerð um að lögin einfaldi, skýri eða auki traust eru umdeilanlegar eða rangar. Jafnvel má færa rök fyrir því að frumvarpið skerði félagafrelsi. Afar erfitt mun einnig reynast að velja og hafna hvaða skilgreining á „almannaheillafélagi“ sé ásætlanleg fyrir skráningu.

## Frumvarp til laga

um félög til almannaheilla.

Frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

SÍBS telur að ná megi markmiði laganna um aðgreiningu félaga án arðsemiskröfu með skráningu í nýjan flokk N3 í fyrirtækjaskrá. Þetta má gera með sama hætti og RSK getur nú þegar veitt ehf. og öðrum félögum skattalegar ívilnanir hafi þau ákvæði um arðgreiðslubann í samþykktum sínum.

**Neðangreindar athugasemdir eru gerðar við frumvarpstextann en áréttað er að SÍBS leggst eindregið gegn málinu í heild:**

### I. KAFLI Almenn ákvæði.

1. gr.  
*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um félög sem skráð eru í almannaheillafélagaskrá og stofnað er til eða starfrækt eru í þeim tilgangi að efla afmörkuð málefni til almannaheilla samkvæmt samþykktum sínum.

Lögin gilda hvorki um félög sem stofnað er til með lögum frá Alþingi nema svo sé tekið fram í samþykktum þeirra né félög sem komið er á fót í ágóðaskyni fyrir félagsmenn.

Loks er áréttað að félagið Almannaheill talar ekki fyrir þann yfirgnæfandi meirihluta félagasamtaka sem ekki eru aðilar að Almannaheillum.

2. gr.

*Styrkir til félaga til almannaheilla.*

Ríkið, sveitarfélög, opinberar stofnanir og lögaðilar sem eru í meirihlutaeigu hins opinbera geta gert það að skilyrði fyrir styrkjum, rekstrarsamningum og opinberum leyfum til félaga til almannaheilla að þau séu skráð í almannaheillafélagaskrá.

**Þetta getur sett tilvistargrundvöll fjölmargra félaga í hættu, sem ekki hafa burði til að standa undir ákvæðunum.**

3. gr.

*Atvinnustarfsemi félaga til almannaheilla.*

Félag getur stundað þá atvinnustarfsemi sem nefnd er í samþykktum þess, leiða má beint af tilgangi félagsins eða hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu.

Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum og öðrum skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.

**Er í þessum lögum verið að breyta almennum félagarétti um in solidum-ábyrgð félagsmanna?**

### II. KAFLI Stofnun félags.

4. gr.

*Stofnsamningur.*

Við stofnun félags skal stofnsamningur þess liggja frammi ásamt drögum að samþykktum fyrir félagið. Stofnsamningur skal vera dagsettur og undirritaður af a.m.k. þremur lögráða félagsmönnum.

5. gr.

*Samþykktir.*

Í samþykktum félags skal tilgreina:

- a. heiti félagsins,
- b. tilgang,
- c. þátttökuskilyrði, sbr. 6. gr.,
- d. skyldu félagsmanna til að greiða félagsgjöld og önnur gjöld til félagsins,
- e. fjölda stjórnarmanna og varamanna þeirra eða lágmarks- og hámarksfjölda þeirra ásamt kjörtímabili stjórnarmanna og hverjir skuli rita firma félagsins,
- f. reikningsár félagsins og samþykkt ársreiknings,
- g. kjörtímabil endurskoðenda, endurskoðunarfyriertækja, skoðunarmanna eða trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna,
- h. hvenær halda eigi aðalfund og með hvaða hætti eigi að boða aðalfund og aðra félagsfundi og
- i. hvernig fara eigi með eignir félagsins sé það lagt niður eða því slitið.

### III. KAFLI

#### Félagsaðild.

##### 6. gr.

##### *Félagsmenn.*

Félagsmenn í félagi geta verið einstaklingar, félög, sjóðir og sjálfseignarstofnanir.

Öllum sem uppfylla skilyrði samþykktu um inngöngu í félag er hún heimil. Sá sem óskar inngöngu í félag skal sækja um aðild til stjórnar þess. Stjórnin tekur ákvörðun um aðildina sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

Stjórn félags skal halda skrá yfir félagsmenn. Þar skal skrá fullt nafn, heimilisfang og kennitölu félagsmanna.

#### 1. mgr.: Hvernig félög? slf., ehf. hf. eða bara félagasamtök eða allir lögaðilar?

##### 7. gr.

##### *Úrsögn úr félagi.*

Félagsmaður í félagi á rétt á því hvenær sem er að segja sig úr því með því að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eða stjórnarformanns þess. Það getur hann einnig gert á fundi í félaginu með því að tilkynna það til bókonar í fundargerð. Ákveða má í samþykktum félags að úrsögn taki gildi fyrst að tilteknum tíma liðnum eftir tilkynningu um úrsögn. Sá tími má þó ekki vera lengri en eitt ár.

##### 8. gr.

##### *Brottvísun úr félagi.*

Vísu má félagsmanni úr félagi á grundvelli ástæðna sem nefndar eru í samþykktum þess. Félagið getur þó alltaf vísað félagsmanni úr félagi ef hann uppfyllir ekki:

- a. þær skyldur sem hann undirgekkst við inngöngu í félagið, eða
- b. þau skilyrði fyrir félagsaðild sem mælt er fyrir um í samþykktum félagsins eða í lögum.

Ákvörðun um brottvísun skal tekin á félagsfundi sé ekki kveðið á um annað í samþykktum félags. Getið skal um ástæður brottvísunar í ákvörðun félagsins. Félagsmaður getur tekið þátt í atkvæðagreiðslu um brottvísun sína. Áður en ákvörðun um brottvísun er tekin skal gefa viðkomandi kost á að tjá sig um málið.

Nú tekur stjórn félags, samkvæmt samþykktum þess, ákvörðun um brottvísun og skal þá sá sem brottvísun beinist að eiga rétt á því að skjóta þeirri ákvörðun til félagsfundar.

Ákveða má í samþykktum félags að félagsmaður teljist genginn úr því hafi hann ekki greitt félagsgjöld í ákveðinn tíma.

#### 2. mgr.: Í lögin vantar sterk og skýr ákvæði um lögmæti félagsfunda og hvernig staða þeirra er gagnvart aðalfundi. Aðrar tegundir funda eru nefnd í frumvarpinu, svo sem „fundur fulltrúa“ og þetta mun valda óheppilegum misskilningi og túlkunarvanda.

#### IV. KAFLI Ákvörðunartaka.

##### 9. gr.

###### *Félagsfundir.*

Félagsfundur fer með ædsta vald í málefnum félags samkvæmt því sem kveðið er á um í samþykktum þess.

Aðalfund skal halda á þeim tíma sem ákveðið er í samþykktum félagsins. Sé ekki boðað til aðalfundar á hver félagsmaður rétt á að krefjast þess að fundurinn verði haldinn.

Aðra félagsfundi en reglulega aðalfundi skal halda hafi aðalfundur ákveðið svo, stjórnin telji ástæðu til þess eða minnst tíundi hluti atkvæðisbærra félagsmanna krefjist þess í þeim tilgangi að taka ákveðið mál til meðferðar.

Kröfu um félagsfund skal senda stjórn félagsins skriflega og greina fundarefni. Stjórn skal án tafar boða til fundarins. Hafi fundurinn ekki verið boðaður eða hafi ekki verið unnt að senda kröfuna til stjórnar skal ráðherra, að kröfu bærs eða bærra félagsmanna, láta boða til fundarins, heimila að fundurinn verði haldinn á kostnað félagsins eða leggja fyrir stjórn félagsins að gera það. Um fundarboð, kostnað o.fl. fer eftir ákvæðum laga um einkahlutafélög eins og við á.

Fundarstjóri á félagsfundi ber að sjá til þess að ákvarðanir fundar séu færðar til bókar. Fundarstjóri og minnst tveir fundarmanna, sem félagið eða fundurinn hefur til þess valið, skulu fara yfir og staðfesta fundargerð með undirritun sinni.

Félagsmenn eiga rétt á að fá bókanir skv. 5. mgr. afhentar krefjist þeir þess.

**Hvaðan kemur fulltrúaráðsfundur og fulltrúaráð? - vantar skilgreiningu ef það á að lúta einhverjum reglum.**

##### 10. gr.

###### *Aðalfundir.*

Á aðalfundi, eða, sé svo ákveðið í samþykktum félagsins, á fulltrúaráðsfundi skal taka ákvörðun um:

- breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 2. mgr. 33. gr.,
- afsal eða kaup fasteignar eða annarrar eignar sem þýðingu hefur fyrir rekstur félagsins,
- skipulag kosninga skv. 15. gr.,
- kosningu eða brottvikningu stjórnar, stjórnarmanna, endurskoðenda eða endurskoðunar- fyrirtækis eða skoðunarmanna eða trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna,
- samþykkt ársreikninga og uppgjöf ábyrgðar og
- slit félagsins.

Heimila má í samþykktum að stjórn félagsins geti ákveðið sölu, skipti og veðsetningu eigna félagsins.

**Það er lamandi fyrir stjórn félags í rekstri að geta ekki selt fasteign.**

##### 11. gr.

###### *Aðalfundarboð.*

Aðalfund skal boða eftir því sem mælt er fyrir um í samþykktum félagsins. Í fundarboði skal greina hvar og hvenær fundinn verður haldinn.

Tekið skal fram í fundarboði eigi félagsmenn rétt á að taka þátt í fundinum á rafrænan hátt. Þess skal jafnframt getið sé tjáningarfrelsi þeirra sem þannig taka þátt á einhvern hátt takmarkað.

Málefnum skv. 10. gr. verður ekki ráðið til lykta á fundinum sé þeirra ekki getið í fundarboði.

## 12. gr.

*Atkvæðisréttur félagsmanna.*

Einungis félagsmenn eiga atkvæðisrétt í félaginu. Í samþykktum félags má kveða á um að kjörnir fulltrúar þess geti tekið ákvarðanir fyrir hönd þess.

Hver félagsmaður hefur atkvæðisrétt sem nemur einu atkvæði sé ekki annað tekið fram í samþykktum. Enginn getur farið með atkvæðisrétt annars samkvæmt umboði sé það ekki sérstaklega heimilað í samþykktum.

Í samþykktunum má ákveða að sá sem ekki hefur greitt félagsgjald um ákveðinn tíma geti ekki neytt atkvæðisréttar.

Í samþykktum skal mæla fyrir um fyrirkomulag rafrænnar atkvæðagreiðslu, sé hún heimil- uð.

1. mgr.: Hverjir geta verið kjörnir fulltrúar aðrir en stjórnarmenn? Er hægt að framselja allt vald?

## 13. gr.

*Hæfi á félagsfundi.*

Félagsmaður á hvorki atkvæðisrétt né getur lagt fram tillögu til ákvörðunar á félagsfundi þegar fjallað er um samning milli hans og félagsins eða um önnur málefni þar sem hagsmunir hans og félagsins fara ekki saman.

Stjórnarmaður eða annar félagsmaður, sem rekið hefur erindi fyrir félagið eða ber á því ábyrgð að öðru leyti, hefur ekki atkvæðisrétt um val eða brottvikningu endurskodanda, endurskodunarfyrrtækis, skodunarmanns eða trúnaðarmanns úr hópi félagsmanna, samþykkt ársreiknings eða uppgjöf ábyrgðar varði þær ákvarðanir viðkomandi erindi.

Hæfi skv. 1. og 2. mgr. tekur einnig til þeirra sem koma fram fyrir félagsmann.

## 14. gr.

*Ákvarðanir félags.*

Leiði ekki annað af samþykktum félags ræður meirihluti atkvæða úrslitum á félagsfundi.

Minnst þrjú fjórðu hluta greiddra atkvæða þarf til breytinga á samþykktum félags, slita þess eða afhendingu meirihluta eigna þess.

Ef félag er, samkvæmt samþykktum sínum, aðili að öðru félagi má ákveða í samþykktun- um að breyting á þeim krefjist einnig samþykkis síðarnefnda félagsins.

2. mgr.: Óvenju strangt að krefjast 3/4 hluta atkvæða. Hver er tilgangurinn með því, eða með neitunarvaldi félags (en ekki einstaklings) sem félagsaðila sbr. 3. mgr.

*Kosningar.*

Kosning á fundi er meirihlutakosning sé ekki annars getið í samþykktum félagsins. Tryggja skal öllum sem hafa rétt til áhrifa í félaginu tækifæri til að taka þátt í tilnefningum til framboðs.

Við meirihlutakosningu sigrar sá sem fær flest atkvæði mæli samþykktir félagsins ekki fyrir um annað.

Kosning á fundi getur verið rafræn enda séu notaðar aðferðir til að tryggja ofangreind skil- yrdi um þátttöku, ákvarðanir, atkvæðarétt og hæfi.

1. mgr.: Hverjir hafa rétt til áhrifa í félaginu? Er m.ö.o. hægt að takmarka rétt félagsmanna? Gildir þetta aðeins um tilnefningar eða einnig um framboðin sjálf? gr.

*Ógildanlegar ákvarðanir.*

Hafi ákvörðun félags ekki verið tekin í samræmi við lög eða samþykktir þess getur félags- maður, stjórnin eða einstakur stjórnarmaður höfðað mál gegn félaginu til þess að fá ákvörðun- inni hrundið. Sá sem á fundi átti þátt í hinni ógildanlegu ákvörðun hefur þó ekki þennan rétt.

Hvað er að eiga þátt í ákvörðun? Hafa mælt með henni? Hafa kosið um hana? Hvað með leynilega kosningu?

Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin eða frá dagsetningu bókunar ákvörðunarinnar hafi hún verið tekin rafrænt. Hafi mál ekki verið höfðað innan þessa tíma skal ákvörðunin talin gild, sbr. þó 1. mgr. 17. gr.

Hafi stjórnin höfðað málið skal þegar kalla saman félagsfund og velja umboðsmann til þess að halda uppi vörnum fyrir félagið.

#### 17. gr.

##### *Ógildar ákvarðanir.*

Ákvörðun sem stríðir gegn lögum eða brýtur gegn réttindum utanaðkomandi aðila er ógild þrátt fyrir ákvæði 16. gr. Sama gildir um ákvörðun sem rýrir sérstaka hagsmuni sem félagsmaður á samkvæmt samþykktum félagsins, efni sínu eða sem raskar jafnræði félagsmanna.

Félagsmaður, stjórnin eða einstakur stjórnarmaður, svo og aðrir sem telja rétt á sér brotinn með ákvörðun félagsins, getur höfðað mál gegn félaginu til að fá það staðfest að ákvörðunin sé ógild.

1. mgr.: Meint réttindi utanaðkomandi geta skv. þessu lamað starfsemi félag. Það er þegar ójafnræði meðal félagsmanna sbr. t.d. 12. gr. 2. mgr. um misjafnt atkvæðavægi.

##### *Félagasambönd.*

Í samþykktum félags má kveða á um að aðilar að félaginu séu annað hvort einungis félög eða bæði einstakir félagsmenn og félög. Í samþykktum slíkra félagasambanda má kveða á um að kjörnir fulltrúar aðildarfélaga geti tekið ákvarðanir fyrir hönd þeirra. Jafnframt má taka fram að ákvörðunarrétti skuli beitt með atkvæðagreiðslu og skal þá taka fram í samþykktum félagsins um hvaða málefni eða undir hvaða kringumstæðum slík atkvæðagreiðsla skuli fara fram.

Ákvæði laga þessara um aðalfund gilda eftir því sem við á um fund fulltrúa aðildarfélaga í félagasambandi. Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessari grein gildir ekki um málefni skv. 10. gr.

Í samþykktum má kveða á um að við atkvæðagreiðslu í félagasambandi geti félagsmenn í sambandinu tekið ákvarðanir fyrir hönd félagsins hvort sem þeir eru beinir félagsmenn í félaginu eða félagar í einhverju aðildarfélagi þess.

Atkvæðagreiðsla getur farið fram rafrænt, með pósti, tölvupósti eða á annan sambærilegan hátt.

## V. KAFLI

### Stjórnun félags.

#### 19. gr.

##### *Stjórn félags.*

Stjórn félags skal skipuð fæst þremur mönnum og einum varamanni. Stjórnin fer með málefni félagsins í samræmi við ákvarðanir félagsins, samþykktir þess og ákvæði laga sem um það gilda.

Stjórn félags skal móta stefnu og skipuleggja starf félagsins. Stjórnin skal funda reglulega til að hafa eftirlit með rekstri félagsins og taka ákvarðanir um starf þess. Stjórn skal halda gerðabók þar sem niðurstöður og ákvarðanir stjórnarfunda eru skráðar.

Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum nema samþykktir kveði á um annað.

Stjórnin kemur fram fyrir hönd félags. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara stjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og



skal hlíta stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Stjórnin skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi félagsins og ber ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár. Þá skal stjórnin sjá til þess að fjármunum félagsins sé ráðstafað á forsvaranlegan hátt í samræmi við tilgang félagsins.

Stjórn kýs sér formann nema samþykktir kveði á um annað. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Nú hefur bú einstaklings verið tekið til gjaldþrotaskipta og er hann þá ekki bær til að sitja í stjórn félags eða gegna stöðu framkvæmdastjóra þess fyrir en hann er aftur orðinn fjár síns ráðandi.

Einungis stjórn félags getur veitt og afturkallað prókúruumboð.

#### 20. gr.

##### *Ritun firma.*

Stjórn félags kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og ritar firma þess.

Stjórn félags getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 21. gr. eiga við um þá er heimild hafa til ritunar firma.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur hvenær sem er afturkallað heimild sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

#### 21. gr.

##### *Vanhæfi.*

Stjórnarmanni eða starfsmanni í félagi er hvorki heimilt að taka þátt í meðferð né ákvörðun í máli sem varðar samning milli hans og félagsins eða í nokkru öðru máli þar sem hagsmunir hans kunna að stangast á við hagsmuni félagsins.

Stjórn félags er ekki heimilt að reikna sér, endurskoðendum, skoðunarmönnum, trúnaðarmönnum úr hópi félagsmanna, framkvæmdastjórum eða öðrum sem fara með stjórnunarstörf herra endurgjald fyrir störf hjá félaginu en venjulegt er eftir eðli og umfangi starfanna.

Óheimilt er félagi að veita lán eða setja tryggingu fyrir þá sem getið er í 2. mgr. Sama gildir um þann sem er giftur, í staðfestri samvist eða í óvígðri sambúð með þeim og þann sem er skyldur þeim eða mægður í beinan legg ellegar stendur þeim að öðru leyti sérstaklega nærri. Þetta á þó ekki við um fyrirgreiðslu félags sem fellur að starfsemi félagsins og allir sem uppfylla ákveðin skilyrði eiga jafnan aðgang að.

**3. mgr.: Er þá óheimilt að kaupa ábyrgðartryggingu stjórnenda, slysatryggingu o.s.frv.?**

#### 22. gr.

##### *Bókhald og ársreikningur.*

Félögum er skylt að færa bókhald og semja ársreikning í samræmi við lög um bókhald. Stjórn og framkvæmdastjóri félags skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög.

Á aðalfundi eða fulltrúaráðsfundi skulu kosnir einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtækja, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn úr hópi félagsmanna til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Ákvæði laga um endurskoðendur gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja og ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna. Trúnaðarmenn sem kosnir eru úr hópi félagsmanna mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

**1. mgr.: Í 19. gr. 4. mgr. stendur að stjórnin beri ábyrgð á gerð ársreiknings en hér einnig framkvæmdastjóri, sem þó er ekki skylt að ráða.**

Hafi félag með höndum verulegan atvinnurekstur skal halda fjárreiðum og reikningshaldi varðandi þann rekstur aðskildu frá öðru bókhaldi og eignum félagsins. Sé félag í tengslum við atvinnufyrirtæki samkvæmt samþykktum sínum eða samningi skal þess getið í ársreikningi eða skýringum við hann.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á aðalfundum félags til samþykktar.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings skal stjórn félagsins birta ársreikning, og ef við á samstæðureikning, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtækis eða undirritun skodunarmanns eða trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna, sem og upplýsingar um hvenær ársreikningur var samþykktur, á vef félagsins eða opinberlega með sambærilegum hætti.

3. mgr.: Öll stærri félög stunda nær einungis atvinnurekstur í þeim skilningi að allir starfsmenn eru á launum. 4. mgr. Það ætti að duga að stjórn félags samþykki ársreikninginn líkt og með önnur félagaform.

#### VI. KAFLI

#### Slit félags.

##### 23. gr.

##### *Slit félags.*

Nú ákveða félagsmenn, sbr. 10. gr., að slíta félagi og skal þá stjórn þess gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til slitanna, nema skipaður sé skiptastjóri, einn eða fleiri, til að annast slitin. Ekki er þörf á formlegri slitameðferð hafi félagsmenn þegar tekin var ákvörðun um slit á félaginu samtímis samþykkt endanleg reikningsskil, efnahags- og rekstrarreikning, sbr. 22. gr., sem lögð eru fram af stjórn félagsins og fram kemur að engar skuldir eða skuldbindingar séu í félaginu. Ef um skuldir er að ræða hjá félaginu ber að skipa skiptastjóra.

Fjárhagslegar ráðstafanir félags, sem félagsmenn hafa ákveðið að slíta, eru eingöngu heimil í þeim mæli sem nauðsynlegt er vegna slitameðferðar. Hafi skiptastjórar verið skipaðir er þeim heimilt að birta innköllun þar sem skorað er á lánardrottna félags að lýsa kröfum sínum og að gefa eignir félagsins upp til gjaldþrotaskipta, sbr. lög um gjaldþrotaskipti o.fl. Verði eignir, sem eftir standa þegar skuldir hafa verið greiddar, ekki nýttar á þann hátt sem samþykktir félagsins kveða á um skal skiptastjóri framselja eignirnar til ríkisins sem skal ráðstafa þeim til verkefna sem sambærileg eru þeim sem kveðið er á um í samþykktum félagsins. Skiptastjóri skal semja endanleg reikningsskil, efnahags- og rekstrarreikning, sbr. 22. gr., fyrir félagið og sjá til þess að þau séu varðveitt.

Félagi hefur verið slitit þegar slitameðferð er lokið, það er tilkynnt og félagið afskráð, sbr. 3. mgr. 32. gr.

##### 24. gr.

##### *Heimild til afskráningar á félagi.*

Hafi almannaheillafélagaskrá upplýsingar um að félag hafi hætt störfum, það sé án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skodunarmanna eða trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna eða það sinni ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt síðustu skráningu í almannaheillafélagaskrá aðvörðun þess efnis að félagið verði tekið úr skránni, sbr. VIII. kafla, komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er sýna fram á að félagið starfi enn. Berist ekki svar innan tilskilins frests skal aðvörðun um afskráningu til fyrirsvarsmanna og annarra sem hagsmuna hafa að gæta birt einu sinni í Lögbirtingablaði. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn getur almannaheillafélagaskrá fellt niður skráningu félagsins. Innan árs frá afskráningu geta félagsmenn eða lánardrottnar gert kröfu um að bú félagsins verði tekið til skipta í samræmi við 25. gr. Hafi félag verið afskráð skal ráðuneytið

skipa skiptastjóra, sbr. 2. mgr. 23. gr. Ef eignir eru í félaginu að loknum skiptum fer um þær samkvæmt samþykktum félagsins.

Almannaheillafélagaskrá má jafnframt breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar um innan árs frá afskráningu og sérstakar ástæður mæli með endurskráningunni. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma. Þótt félag hafi verið fellt út af almannaheillafélagaskrá breytir það í engu persónulegri ábyrgð sem stjórnarmenn eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

## VII. KAFLI Slit félags með dómi.

### 25. gr.

#### *Slit félags og veiting áminningar.*

Að kröfu ráðherra er fer með málefni ákærvalds og dómstóla, ríkissaksóknara eða félagsmanna getur héraðsdómur á heimilisvarnarþingi félags slitið félagi með dómi hafi félagið brotið gegn lögum eða skilgreindum tilgangi samkvæmt samþykktum sínum að verulegu leyti.

Í stað þess að slíta félagi getur dómurinn veitt því áminningu enda telst brot ekki verulegt.

Ef félagi er slitið eða það áminnt má einnig slíta eða áminna annað félag, sem beint eða óbeint er aðili í fyrra félaginu, hafi síðara félagið stuðlað að aðgerðum sem um er getið í 1. mgr., enda hafi því einnig verið stefnt.

Verði eignir félags, sem hefur verið slitið á þennan hátt, ekki nýttar á þann hátt sem samþykktir félagsins kveða á um, sbr. i-lið 5. gr., eða notkun þeirra stríðir gegn lögum eða góðum stjórnarháttum skulu eignir félagsins renna til ríkisins sem skal ráðstafa þeim til verkefna sem sambærileg eru þeim sem kveðið er á um í samþykktum félagsins.

### 26. gr.

#### *Bráðabirgðabann við starfsemi félags.*

Nú hefur mál verið höfðað til slita á félagi og getur dómari þá að beiðni málsaðila stöðvað starfsemi þess til bráðabirgða ef líkur eru á því að félag brjóti gegn ákvæðum a- eða b-liðar 1. mgr. 25. gr.

Að beiðni ráðherra er fer með málefni ákærvalds og dómstóla eða ríkissaksóknara er heimilt að banna starfsemi félags til bráðabirgða skv. 1. mgr., þrátt fyrir að mál hafi ekki verið höfðað til slita á félagi, ef líkur eru á því að félag brjóti eða gegn a- eða b-lið 1. mgr. 25. gr. Slíkt bráðabirgðabann fellur niður verði ekki krafist slita á félaginu innan 14 daga frá útgáfu bannsins og skal ekki gilda lengur en þar til málið er höfðað.

Óheimilt er að stofna nýtt félag um starfsemi sem bönnuð hefur verið til bráðabirgða.

### 27. gr.

#### *Slit félags og skiptastjórar.*

Þegar félagi er slitið eða starfsemi þess bönnuð til bráðabirgða skal félagið tafarlaust láta af starfsemi sinni. Stjórn félags getur þó, sé starfsemi bönnuð til bráðabirgða, haldið áfram rekstri og varðveitt hann og eignir félagsins þar til endanleg niðurstaða um slit þess liggur fyrir ákveði dómur ekki annað.

Ef dómurinn heimilar ekki stjórn félags að stjórna eignum þess skv. 2. másl. 1. mgr. skal hann skipa því a.m.k. einn fjárhaldsmann til að varðveita eignir félagsins.

Við slit félags skal dómurinn tilnefna einn eða fleiri skiptastjóra ef þörf krefur. Ákvæði laga þessara um skiptastjóra og andmæli við ráðstöfun þeirra gilda eftir því sem við á.

Sé krafa um slit félags tekin til greina skal farið að fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. þar sem erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldbindingum hins látna.

#### VIII. KAFLI

##### Skráning í almannaheillafélagaskrá.

Ekki er tekin afstaða til þessa kafla en visað til að samræmi þarf að vera í skyldum hinna mismunandi félagaforma og tilheyrandi verklagi fyrirtækjaskrár.

28. gr.  
*Stjórnvald.*

Ríkisskattstjóri skráir félag til almannaheilla samkvæmt lögum þessum og lögum um fyrirtækjaskrá og starfrækir almannaheillafélagaskrá í því skyni.

29. gr.

*Tilkynning um félag til almannaheilla.*

Skráning félags til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá er valkvæð og er ætluð félögum þar sem stærð, umfang eða eðli starfseminnar kallar á þær skyldur og réttindi sem í lögum er kveðið á um.

Tilkynningar til almannaheillafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda almannaheillafélagaskrá beint á því formi sem skráin ákveður. Skal málsmeðferð vera rafræn sé þess kostur.

Með tilkynningu skal senda stofnsamning, stofnfundargerð og samþykktir félagsins. Í tilkynningunni skal koma fram fullt heiti félags og tilgangur, heimilisfang og varnarþing, nöfn og kennitölur stjórnarmanna og varamanna og tilgreining stjórnarformanns og annarra þeirra sem geta skuldbundið félagið, auk takmarkana á þeim rétti ef einhverjar eru.

Stjórnarmenn og varamenn skulu undirrita tilkynninguna og lýsa því yfir að þær upplýsingar sem fram koma í tilkynningunni séu réttar og þeir sem þar koma fram hafi rétt til að skuldbinda félagið að lögum.

30. gr.

*Meðferð tilkynninga.*

Þegar almannaheillafélagaskrá berst tilkynning skv. 29. gr. skal skráin m.a. kanna:

- hvort tilkynning samrýmist ákvæði 30. gr.,
- hvort heiti félagsins greini sig skýrt frá heiti annarra félaga sem áður eru skráð og hvort heitið sé villandi,
- hvort ákvæði laganna mæli gegn því að félagið sé skráð,
- hvort ákvæði laga um fyrirtækjaskrá mæli gegn því að félagið sé skráð.

Mæli einhver þau atriði sem nefnd eru í 1. mgr. gegn því að félagið sé skráð, en ekki þyki þó efni til að hafna skráningu, skal þeim sem tilkynnir félagið til skráningar gefinn kostur á að bæta eða leiðrétta tilkynninguna. Þetta skal gert innan ákveðins frests sem almannaheillafélagaskrá setur. Hafi leiðrétting eða viðbót ekki borist innan frestsins skal hafna skráningu.

Mæli ekkert gegn skráningu skal skrá félagið í almannaheillafélagaskrá.

31. gr.

*Tákn félags til almannaheilla.*

Þegar félag til almannaheilla hefur verið skráð skal það hafa orðin skráð félag til almannaheilla í heiti sínu eða skammstöfunina fta. Eingöngu þeim félögum til almannaheilla sem skráð eru í almannaheillafélagaskrá er heimilt og skylt að hafa skammstöfunina fta í heiti sínu.

## 32. gr.

*Tilkynning um breytingar og slit.*

Breytingar á samþykktum félags, val á nýjum stjórnarmanni eða varamanni í stjórn eða breyting á heimild til að skuldbinda félagið, ásamt öðru því sem skráð hefur verið, ber að tilkynna til almannaheillafélagaskrár innan mánaðar frá breytingunni. Breyttar samþykktir í heild sinni skulu fylgja tilkynningu um breytingar. Sömu reglur gilda um meðferð tilkynningar um breytingu á því sem áður er skráð og um upphafstilkynningu til almannaheillafélagaskrár.

Breyting á samþykktum félags tekur gildi við skráningu í almannaheillafélagaskrá. Sama gildir um breytingu á stjórn félags og varastjórn og annarra þeirra einstaklinga sem geta skuldbundið félagið, auk takmarkana á þeim rétti ef einhverjar eru.

Þegar félagi til almannaheilla hefur verið slitið, sbr. VII. kafla, skal tilkynna það til almannaheillafélagaskrár og auglýsa slit félagsins í Lögbirtingablaði.

## 33. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skráningu í almannaheillafélagaskrá, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur almannaheillafélagaskrár og aðgang að skránni. og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem almannaheillafélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

## IX. KAFLI

**Viðurlög.**

## 34. gr.

*Sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að:

- a. skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum félags eða öðru er það varðar í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til aðalfundar eða forráðamanna félags eða tilkynningum til almannaheillafélagaskrár,
- b. afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða félagsfundi.

## 35. gr.

*Sektir eða fangelsi vegna brota sem varða atkvæðagreiðslu á aðalfundi.*

Sá maður skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sem gerist sekur um eftirtaldar athafnir að því er varðar atkvæðagreiðslu á aðalfundi skv. III. kafla:

- a. aflar sér eða öðrum ólöglegs færís á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti,
- b. leitast við með ólögumætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá félagsmann eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði,
- c. kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli að félagsmaður eða umboðsmannur hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hafi önnur áhrif en til var ætlast,
- d. greiðir, lofar að greiða eða býður félagsmanni eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag eða

- e. tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

X. KAFLI  
**Gildistaka o.fl.**  
 36. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

37. gr.  
*Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara kemur á eftir orðinu „manns“ í 3. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, með síðari breytingum: félög til almannaheilla.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Almenn félagasamtök sem skráð eru í fyrirtækjaskrá við gildistöku laganna geta að uppfylltum skilyrðum þeirra, farið fram á að breyta skráningu félagasamtakanna yfir í almannaheillafélagaskrá. Skal félagið þá skila inn nýjum samþykktum, tilkynningu um stjórn, vara-stjórn, endurskodendur eða endurskodunarfyrirtæki eða skodunarmenn eða trúnaðarmenn úr hópi félagsmanna.

Greinargerð.

**1. Inngangur.**

Frumvarp þetta er byggt á vinnu nefndar sem falið var af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að undirbúa löggjöf um frjáls félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa að almannaheillum, þó með nokkrum breytingum. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um félög til almannaheilla.

Nefndin skilaði af sér tillögum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í formi draga að frumvarpi til heildarlaga um félagasamtök til almannaheilla og var frumvarp til laga byggt á tillögum nefndarinnar lagt fram á Alþingi af iðnaðar- og viðskiptaráðherra á 145. löggjafarþingi. Frumvarpið náði ekki fram að ganga. Það frumvarp sem hér er lagt fram byggir á tillögum nefndarinnar en gerðar hafa verið nokkrar breytingar á frumvarpinu til einföldunar. Það var niðurstaða nefndarinnar að una mætti við lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, þar sem þau væru nýleg og næðu yfir sjálfseignarstofnanir sem hafa sambærileg markmið og félagasamtök sem vinna að almannaheillum. Þá taldi nefndin að rétt væri að breyta engu að því er varðar lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, meðan séð yrði hvernig frumvarpi um félagasamtök til almannaheilla reiddi af. Að lokum var það niðurstaða nefndarinnar að skattaumhverfi félagsamtaka til almannaheilla ætti, sem annarra félagaforma, sjálfseignarstofnana og sjóða, að ráðast af skattalögum og að rétt sé í framhaldi af vinnu nefndarinnar að huga að samningu nýrra skattalagaákvæða varðandi skatt af aðföngum, arfi og gjafafé. Nefndin hafði til hliðsjónar í vinnu sinni finnsk lög um almenn félög, Föreningslag 26.05.1989/503, sem og frumvarpsdrög sem samin voru í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

**2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.**

Vinna við frumvarpsgerðina á rætur að rekja til frumkvæðis Almannaheilla – samtaka þriðja geirans og undirbúningsstarfs á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins, m.a.

vinnu nefndar sem ætlað var að kanna hvort ástæða væri til að setja lagaákvæði um almannaheillasamtök.

#### *Nefnd félags- og tryggingarmálaráðherra*

Nefnd félags- og tryggingarmálaráðherra komst að þeirri niðurstöðu að veigamikil rök hnigi til þess að sett verði sérstök lög um félagasamtök með hliðsjón af núverandi laga- og rekstrarumhverfi félagasamtaka eða almennra félaga. Í skýrslu nefndarinnar eru talin upp í nokkrum liðum rök fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Eru þar m.a. nefnd vandamál tengd því að félög fái greiðslur frá ríki og sveitarfélögum, að um frjáls félagasamtök gildi engin heildarlög eins og um flest önnur félagaform og þannig gildi ekki reglur um skuldbindingarhæfi, ábyrgð stjórnar á fjárreiðum, skaðabótaábyrgð og vanhæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Í skýrslunni kemur fram að óljós skil séu milli félagaforma í reynd, þ.e. félagasamtaka, sjálfseignarstofnana með staðfesta skipulagsskrá og stofnana í atvinnurekstri. Skýrar reglur þurfi að gilda um rekstrarumhverfi félagasamtaka sem sinna opinberri þjónustu samkvæmt samningum við ríki og sveitarfélög. Þá eru talin upp sjónarmið er snúa að því að auka traust gagnvart félagasamtökum og að bæta þurfi skráningu til að auðvelda yfirsýn fyrir starfsemi félagasamtaka.

Lagði nefndin til að lög um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri yrðu endurskoðuð þannig að þau næðu einnig til félagasamtaka í atvinnurekstri. Einnig yrði skoðað hvort ástæða væri til að fella lög um sjálfseignarstofnanir eða -sjóði sem ekki eru í atvinnurekstri undir sömu lög. Nefndin lagði til að ný heildarlög yrðu samin sem næðu til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana og að reglur um þessi félagaform yrðu samhæfð, jafnframt því sem lög um sjálfseignarstofnanir féllu úr gildi.

Nefndin taldi að við samningu heildarlöggjafar þyrfti að hafa eftirfarandi í huga: Hvort ástæða væri til að greina á milli réttarstöðu félaga og sjálfseignarstofnana sem ynnu einungis að góðgerðarmálum eða að almannaheillum og annarra ófjárhagslegra félaga. Hvort og þá hvaða félög ættu að vera undanþegin ákvæðum laganna. Löggjöfin mætti ekki verða íþyngjandi fyrir félagasamtök og gæta yrði að því að þrengja ekki að möguleikum félagasamtaka til að ákvarða sitt innra skipulag. Sett yrðu ákvæði um almennan rétt félagasamtaka og sjálfseignarstofnana til fjáröflunar til samræmis við löggjöf í nágrannaríkjunum. Loks hvort þörf væri á að endurskoða skattaumhverfi félagasamtaka til að það yrði meira í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndunum.

Þá kom fram í skýrslunni að nefndin teldi að fullnægjandi eftirlitsheimildir væru til staðar í gildandi lögum vegna félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem sinntu opinberri þjónustu fyrir ríki og sveitarfélög.

#### *Nefnd atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra*

Starfi því er hófst í félags- og tryggingamálaráðuneytinu var síðan haldið áfram í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og síðar í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Í nóvember 2012 skipaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra nefnd sem falið var að undirbúa löggjöf um frjáls félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa að almannaheillum. Í nefndinni áttu sæti Ragna Árnadóttir, formaður Almannaheilla, skipuð án tilnefningar, Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómari, tilnefndur af Fræðasetri þriðja geirans, og Ingibjörg Helga Helgadóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurbjörg S. Guðmundsdóttir, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur

fram að með frjálsum félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum sem starfa að almannaheillum sé átt við frjáls félagasamtök sem hafa það að markmiði að vinna að heill ótiltekins fjölda manna án hagnaðarsjónarmiða þeirra sem reka og stýra félagi. Þá sé einnig átt við sjálfseignarstofnanir sem hafa sams konar markmið og uppfylla skilyrði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Var nefndinni einkum ætlað að fjalla um hvaða skilyrði slík félög þurfi að uppfylla til að geta notið réttinda og borið skyldur samkvæmt lögnum. Nefndinni var sérstaklega falið að fjalla um skattaumhverfi almannaheillasamtaka, m.a. að því er varðar niðurfellingu skatts af aðföngum, sérreglur um erfðafjárskatt og skatt af gjafafé. Þá var nefndinni einnig ætlað að huga að löggjöf um almannaheillasamtök í nágrenni Íslands, svo sem efni stæðu til.

Í frumvarpsdrögum þeim er nefndin skilað af sér til ráðherra kemur fram að starfsemi frjálsra félagasamtaka, þ.e. hins svokallaða þriðja geira, sé mikilvæg og þá ekki síst starfsemi þeirra frjálsu félagasamtaka sem talist geta til almannaheillasamtaka. Með því að skilgreina slík samtök sérstaklega í lögum og setja heildarlöggjöf um þau verður skotið traustari stöðum undir starfsemi þeirra. Reglur um bókhald, ársreikninga og endurskoðun eða yfirferð ársreikninga geta einnig haft sérstakt gildi í tengslum við samningsgerð hins opinbera við samtökin. Unnt væri að setja sérstök skilyrði varðandi slíka samningsgerð án sérstakrar löggjafar en löggjöf þykir þó traustari og getur auðveldað þátttakendum í samtökunum er byggjast á grunni sjálfboðaliðastarfs, að skilja grundvallarreglur um starfsemina og reka hana betur en ella. Forðæmi eru fyrir setningu slíkra ítarlegra reglna, t.d. í lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þá eru auk þess til heildarlög, m.a. um hlutafélög og einkahlutafélög.

Einnig kemur fram í frumvarpsdrögum nefndarinnar að með setningu allítarlegra reglna um félagasamtök til almannaheilla sé stefnt að því markmiði að þátttakendum eða aðilum að samtökunum séu ljósar allar helstu reglur sem um starfsemina gilda, ekki aðeins skilgreiningar og reglur um fjármál heldur einnig aðrar reglur félagaréttar. Slíkt getur auðveldað starfsemi félagasamtaka til almannaheilla og stuðlað að því m.a. að samtökin nái betri árangri og geta þessi mikilvægu samtök orðið traustari en ella fyrir bragðið. Með lagasetningu er ekki stefnt að innleiðingu EES-reglna en Evrópusambandið gerir ráð fyrir því að um frjáls félagasamtök gildi sérstakar reglur, þ.e. að ekki séu t.d. sömu reglur um evrópsk samtök og evrópskar sjálfseignarstofnanir. Ekki þótti ástæða til að ganga svo langt að semja sérstakt frumvarp um frjáls félög eða félagasamtök almennt. Heildarlöggjöf um félagasamtök til almannaheilla er ætlað að koma til viðbótar við nokkur ákvæði sem gilda um slík samtök og má m.a. finna í firmalögum, lögum um fyrirtækjaskrá og fleiri lögum, svo sem skattalögum.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna almenn ákvæði um gildissvið laganna. Lagt er til að frumvarpið gildi um félög sem stofnuð eru eða starfrækt til eflingar afmörkuðum málefnum til almannaheilla en er ekki komið á fót í ágóðaskyni fyrir félagsmenn og skráð eru í sérstaka skrá, almannaheillafélagaskrá. Einnig er lagt til að ríkið, sveitarfélög, opinberar stofnanir og lögáðilar sem eru í meirihlutaeigu hins opinbera geti gert það að skilyrði fyrir styrkjum, rekstrarsamningum og opinberum leyfum til félaga til almannaheilla að þau uppfylli ákvæði laganna og séu skráð í almannaheillafélagaskrá. Þá er í kaflanum að finna ákvæði um að félagsmenn í félögum til almannaheilla beri ekki persónulega ábyrgð á skuldum og öðrum skuldbindingum félagsins nema með þáttökugjaldi sínu.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um stofnun félaga til almannaheilla og er í kaflanum að finna ákvæði um efni stofnsamning og samþykktu slíkra félaga.



Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um félagsaðild. Í kaflanum er að finna sérstök ákvæði um félagsmenn, inngöngu í félag og skrá yfir félagsmenn, svo og ákvæði um úrsögn og brottvísun úr félagi.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um ákvörðunartöku. Sérstök ákvæði eru um félagsfundi, aðalfundi og aðalfundarboð þar sem kveðið er á um að félagsfundur fari með ædsta vald í málefnum félags samkvæmt því sem segir í samþykktum félags. Kveðið er á um hvaða ákvarðanir skuli taka á aðalfundi félags en m.a. er um að ræða ákvarðanir um breytingar á samþykktum félags, kosningu og brottvikningu stjórnar, stjórnarmanna, endurskodenda, endurskodunarfyrtækja, skodunarmanna eða trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna, samþykkt ársreiknings og slit félags. Sérstök ákvæði eru um aðalfundarboð og skal í fundarboði tekið fram ef félagsmenn eiga rétt á að taka þátt í aðalfundi á rafrænan hátt. Í kaflanum er einnig að finna ákvæði um atkvæðisrétt félagsmanna, hæfi á félagsfundi og ákvarðanir félags. Þá er í kaflanum að finna ákvæði um ógildanlegar og ógildar ákvarðanir félags og framkvæmdabann. Að lokum er í kaflanum að finna ákvæði um félagasambönd. Með félagasambandi er átt við féлага þar sem félagsmenn eru annað hvort eingöngu önnur félög eða einstaklingar og önnur félög. Er gert ráð fyrir að þegar um félagasamband er að ræða þá geti kjörnir fulltrúar í þeim félögum sem eru félagsmenn í félagasambandi tekið ákvörðun fyrir hönd síns félags.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um stjórnun félags en þar er að finna ákvæði um stjórn félags, ritun firma, vanhæfi og um bókhald og ársreikninga félags og endurskodun eða yfirferð þeirra. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að stjórn félags skuli skipuð fæst þremur mönnum og einum varamanni og er kveðið á um að stjórn og framkvæmdastjóri félags skuli vera lög-ráða. Fjallað er um hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra, sé hann ráðinn, sem og ákvörðunartöku stjórnar, ritun firma og í hvaða tilvikum stjórnarmenn eða starfsmenn félags eru vanhæfir til þátttöku í meðferð eða ákvörðunartöku í málum og bann við lánveitingum til stjórnar, endurskodenda, endurskodunarfyrtækis, skodunarmanna, trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna eða framkvæmdastjóra félags. Þá er í kaflanum að finna ákvæði um bókhald og ársreikning félags þar sem kveðið er á um að félögum sé skylt að færa bókhald og semja ársreikning í samræmi við lög um bókhald og að félög skuli birta á vef sínum eða opinberlega með öðrum hætti ársreikning og, ef við á, samstæðureikning, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskodenda eða endurskodunarfyrtækis eða undirritun skodunarmanna eða trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um slit félags.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um slit félags með dómi.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um skráningu í almannaheillafélagaskrá sem fyrirtækjaskrá heldur. Lagt er til að ríkisskattstjóri skrái félag til almannaheilla og haldi í því skyni almannaheillafélagaskrá. Í kaflanum er að finna ákvæði um efni og meðferð tilkynninga til almannaheillafélagaskrár, hvort sem um er að ræða tilkynningar um stofnun féлага til almannaheilla eða tilkynningar um breytingar á því sem þegar hefur verið skráð í almannaheillafélagaskrá. Gert er ráð fyrir að félög til almannaheilla sem skráð eru í almannaheillaskrá séu auðkennd með skammstöfuninni *fta*. Þá er í kaflanum að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um almannaheillafélagaskrá, svo sem um gjaldtöku, en sambærilega heimild er að finna í hlutafélagalöggjöf og lögum um fyrirtækjaskrá.

Í IX. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um viðurlög við brotum á lögum

Í X. kafla frumvarpsins er að finna gildistökuákvæði og ákvæði um breytingu á öðrum lögum. Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2020 en með því gefst tími til undirbúnings bæði hjá félögum sjálfum sem og hjá ríkisskattstjóra sem lagt er til að haldi almannaheillafélagaskrá.

#### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Reglur frumvarpsins samræmast stjórnarskrá Íslands en frelsi manna til að stofna og ganga í félög er verndað af 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Í frumvarpinu eru ekki að finna takmarkanir á rétti manna til að stofna og ganga í félög en frumvarpið hefur að geyma reglur um þau félagasamtök sem falla innan gildissviðs þess, þ.e. félög til almannaheilla.

Reglur frumvarpsins eru einnig í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, t.d. EES-samninginn, en í því sambandi má nefna að Evrópusambandið hefur stefnt að setningu sérstakra reglna um frjáls félög og sjálfseignarstofnanir. Setning reglnanna hefur þó dregist af ýmsum ástæðum.

#### 5. Samráð.

Eins og áður hefur komið fram er frumvarpið byggt á vinnu nefndar sem skipuð var af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Óskað var eftir tilnefningum Fræðaseturs þriðja geirans og fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna skipunar í nefndina. Formaður nefndarinnar var Ragna Árnadóttir sem á þeim tíma var formaður Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, en þau voru stofnuð sumarið 2008 til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra félagasamtaka sem starfa í almannabágu og til að vera málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðlum.

Ákvæði frumvarpsins snerta fyrst og fremst þau frjálsu félagasamtök sem skilgreind eru sem almannaheillasamtök, t.d. Almannaheill, sem fjölbreytt félagasamtök standa að, en samráð átti sér stað við þau félagasamtök sem hér um ræðir í tengslum við vinnu af hálfu félags- og tryggingamálaráðuneytisins og efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem fjallað hefur verið um.

Drög að frumvarpi því sem lagt var fram á 145. löggjafarþingi voru kynnt Almannaheillum og aðildarfélögum þess sem og Fræðasetri þriðja geirans, velferðarráðuneytinu og ríkisskattstjóra. Nefnd atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra fékk einnig á sinn fund fulltrúa Ríkisendurskoðunar og ríkisskattstjóra. Frumvarpsdrögin voru einnig sett á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til kynningar og óskað eftir athugasemdum og bárust umsagnir frá sex aðilum. Gerðar voru breytingar á frumvarpsdrögunum þar sem tekið var tillit til ýmissa athugasemda sem bárust í samráðsferlinu.

Frumvarp það sem nú er lagt fram er, eins og fyrr segir, byggt á frumvarpi því sem lagt var fram á 145. löggjafarþingi en þó með nokkrum breytingum. Frumvarpið var kynnt í samráðsgátt Stjórnarráðsins og barst ein umsögn við frumvarpið frá Hagsmunasamtökum heimilanna. Auk þess bárust ábendingar frá Almannaheillum. Í umsögn Hagsmunasamtaka er gerð athugasemd við 2. gr. frumvarpsins. Fram kemur í umsögninni að samtökin telji ákvæðið í raun óþarft en ákvæðið gæti haft það í för með sér að opinberir aðilar horfi til þess þegar kemur að ákvarðanatöku um fjárveitingar til samtaka sem starfa í þágu almannaheilla. Athugasemdir samtakanna lúta einnig að hæfisskilyrði stjórnarmanna og telja skilyrði um að stjórnarmaður hafi forræði á búi sínu fullþröngt. Þá gera samtökin athugasemdir við ákvæði 22. gr. frumvarpsins um skyldu félags til að færa bókhald og gera ársreikning í samræmi við lög um bókhald. Hvað athugasemdir samtakanna við 2. gr. frumvarpsins þá er rétt að nefna að hér um heimildarákvæði að ræða en eins og segir í ákvæðinu þá geta opinberir aðilar og lögaðilar í meirihluta-eigu opinberra aðila gert það að skilyrði fyrir styrkjum, rekstrarsamningum og opinberum leyfum að félag sé skráð í almannaheillafélagaskrá. Hugsunin að baki ákvæðinu er sú að edlilegt geti verið að opinberir aðilar geti gert það að skilyrði að almenn félagasamtök sem sækjast

eftir fyrirgreiðslu hins opinbera uppfylli einhver lágmarksskilyrði um uppbyggingu og sýnileika svo hafa megi eftirlit með því hvert fjármunir hins opinbera fara. Með vísan til þessa voru ekki gerðar breytingar á frumvarpinu. Hvað varðar athugasemdir samtakanna við ákvæði um bókhald og ársreikning þá falla félög, sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu, sbr. 7. tölul. 1. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994. Þannig má gera ráð fyrir að þau félög sem sækist eftir því að vera skráð í almannaheillafélagaskrá falli undir lög um bókhald og þurfi að gera ársreikning í samræmi við ákvæði III. kafla þeirra laga. Gerðar voru breytingar á greinargerð frumvarpsins til að skýra betur skyldur félaga samkvæmt lögum um bókhald.

## 6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um félagasamtök til almannaheilla en ekki er í gildi sérstök löggjöf um slík félög í dag. Viða er þó að finna í lögum ákvæði sem varða einstaka þætti í starfsemi þeirra, t.d. í skattalögum, lögum um bókhald og firmalögum.

Í frumvarpinu er lagt til að félagasamtök til almannaheilla verði aðgreind frá öðrum félagasamtökum og að settar verði reglur um stofnun félagasamtaka til almannaheilla, meginefni samþykkt, félagsaðild, ákvörðunarvald, ákvörðunartöku og stjórnun slíkra félaga. Lagt er til að félagasamtök til almannaheilla verði skráð í almannaheillafélagaskrá sem ríkisskattstjóri haldi og taki við nýskráningum þeirra, breytingum á skráningu og tilkynningum um slit, auk þess að hafa heimild til afskráningar. Þá er lagt til að opinberum aðilum verði heimilt að setja það sem skilyrði fyrir veitingu styrkja, rekstrarsamninga og opinberra leyfa til almannaheillasamtaka að þau séu skráð í almannaheillafélagaskrá. Jafnframt er gert ráð fyrir að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu verði falin ákveðin verkefni sem kalla á töku stjórnvaldsákvæðana í ákveðnum málum. Gert er ráð fyrir að með frumvarpinu verði skráning þeirra félagasamtaka til almannaheilla sem frumvarpið tekur til verði ítarlegri en nú er með almenn félagasamtök og því má gera ráð fyrir að tilkynningum um skráningu fjölgi og hlutverk fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra vegna skráningar verði þannig aukið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verða fjárhagsáhrif á afkomu ríkissjóðs engin. Frumvarpið hefur ekki í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð og þegar hefur verið gert ráð fyrir kostnaði við samþykkt frumvarps innan núgildandi útgjaldaramma. Kostnaðaráhrifum frumvarps má skipta í tvennt. Annars vegar varanlegan kostnað í formi stöðugildis vegna skráningar í almannaheillafélagaskrár sem rúmast innan núgildandi fjárheimilda ríkisskattstjóra og hins vegar stofnkostnað, m.a. vegna uppfærslu tölvukerfis embættis ríkisskattstjóra sem forgangsraðað verður innan núverandi útgjaldaramma atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Í 1. gr. er að finna gildissvið laganna en það takmarkast við félög til almannaheilla. Hér er átt við svonefnd hugsjónafélög sem stofnuð eru til mannræktar eða styrktar á einhverju sviði og beinast að ákveðnum einstaklingum sem uppfylla ákveðin skilyrði eða málefni sem nánar er skilgreint í samþykktum félagsins. Málefnið verður að vera talið til einhverra þjóðþrifa, svo sem íþrótt- og mannræktarfélag, styrktarfélag sjúklinga, björgunar- og hjálparfélag, neytendafélag og menningarfélag. Þannig yrði þetta félagaform valið ef þátttaka margra er æskileg. Önnur félagaform geta verið æskileg séu fjármunir þegar fyrir hendi og til stendur að stýra þeim til hagsbóta fyrir ákveðið málefni, sbr. sjóði og stofnanir samkvæmt staðfestri skipulagskrá í samræmi við lög nr. 19/1988 og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eftir lögum nr. 33/1999. Þegar um er að ræða landssamtök þar sem félagsaðilar eru félög sem teljast

almannaheillafélög nægir að landssamtökin séu skráð í almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögnum. Aðildarfélögum landssamtakanna er þó einnig heimilt að óska eftir skráningu í almannaheillafélagaskrá og njóta þau þá réttinda og bera skyldur samkvæmt lögnum. Sem dæmi um slík landssamtök er Slysavarnafélagið Landsbjörg sem eru landssamtök björgunarsveita, slysavarna- og kvennadeilda og unglingsdeilda á Íslandi. Gæta verður þó að því að hyggist aðildarfélög slíkra landssamtaka sækja um styrki geta aðilar skv. 2. gr. gert þá kröfu að félögin séu skráð í almannaheillafélagaskrá eða að þau fái styrk greiddan í gegnum landssamtökin. Lögin eru takmörkuð við félög sem ekki eru stofnuð til fjárhagslegs ábata fyrir félagsmenn sjálfa heldur eru stofnuð til þess að efla og styrkja skýrt afmörkuð málefni á þeim sviðum sem um er getið hér að framan. Stéttarfélög falla t.d. utan við þessi lög en um þau gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Tilgangur félags má ekki brjóta í bága við lög og allsherjarreglu, þ.e. ekki vera til eflingar og styrktar ólögmætum málefnum.

Mælt er fyrir um að lögin gildi ekki um félagsskap sem stofnaður er með lögum frá Alþingi nema kveðið sé á um það í samþykktum hans. Sem dæmi má nefna lífeyrissjóði, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, húsfélög samkvæmt lögum um fjöleignarhús o.fl. Er gert ráð fyrir að þau lög sem um ræðir séu svo samín að ljóst sé að ákvæðum laganna sé ætlað að mynda fullnægjandi lagaramma um tiltekið félag.

Ákvæðum almennra laga á ákveðnu sviði um réttindi og skyldur þeirra félaga sem lög þessi taka til er ætlað að haldi gildi sínu. Má hér nefna sem dæmi að ákvæði skattalaga um skattahagræði þeirra félagasamtaka sem lögin ná til halda gildi sínu. Verði gerðar breytingar á skattskyldu þessara félaga verður það gert með breytingu skattalaga.

#### Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ríkið, sveitarfélög, opinberar stofnanir og fyrirtæki í meirihlutaeigu hins opinberra geti gert það að skilyrði fyrir veitingu styrkja, gerð rekstrar-samninga og veitingu leyfa að félög uppfylli ákvæði laganna.

Hvað varðar fyrirtæki í meirihlutaeigu hins opinberra er litið til skilgreiningar og afmörkunar fyrirtækja í eigu hins opinberra í 2. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að fyrrgreindum lögum kemur m.a. fram að almennt eru bundnir mikilvægir opinberir hagsmunir í einkaréttarlegum lögadilum sem teljast að 51% hluta eða meira í eigu hins opinberra, ríkisins eða sveitarfélaga. Er talið rétt að styðjast við sama viðmið hér.

Hugsunin að baki ákvæðinu er sú að eðlilegt sé að ríkið, sveitarfélög, opinberar stofnanir og fyrirtæki í opinberri eigu geti gert það að skilyrði að almenn félagasamtök, sem sækjast eftir fyrirgreiðslu hins opinberra, uppfylli einhver lágmarksskilyrði um uppbyggingu og sýnileika svo að hafa megi eftirlit með því hvert fjármunir hins opinberra fara og aðrir styrktaraðilar slíkra félagasamtaka geti jafnframt gert sér grein fyrir því hvað þeir eru að styrkja og hverjir bera ábyrgð á styrktri framkvæmd.

Sérlög um ákveðna styrki, samninga og leyfi gilda þá auk ákvæða þessa frumvarps ef annað er ekki tekið fram í sérlögnum.

#### Um 3. gr.

Í fyrri málsgrein ákvæðisins er mælt fyrir um að félag samkvæmt lögnum geti rekið atvinnustarfsemi sem getið sé í samþykktum þess, leiða má af markmiðum félagsins eða hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu. Hér er átt við atvinnustarfsemi sem rekin er til eflingar og styrktar tilgangi félagsins og ágóðinn rennur til þess. Þá getur félagið einnig rekið starfsemi sem getur verið til hjálpar meginstarfsemi, t.d. rekstur húsnæðis fyrir skrifstofur samtakanna.

Í síðari málsgrein ákvæðisins er mælt fyrir um ábyrgð þátttakenda á skuldbindingum félagsins.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er mælt fyrir um gerð stofnsamnings og að hann skuli liggja frammi á stofnfundi ásamt drögum að samþykktum fyrir félagið. Í stofnsamningi skulu koma fram nöfn, kennitölur og heimilisföng stofnenda félags og tilgangur félagsins. Þetta er gert til þess að þeir sem sækja stofnfundinn geti gert sér fulla grein fyrir því hvað þeir undirgangast með því að gerast stofnfélagar. Stofnsamningurinn er síðan dagsettur á fundinum og undirritaður af stofnendum félagsins.

Um 5. gr.

Í 5. gr. eru ákvæði um hvað skuli að lágmarki kveða á um í samþykktum félags. Í ákvæðinu er aðeins talið það sem verður að vera í samþykktunum eða sem verður að taka afstöðu til í þeim. Það þýðir ekki að ekki megi taka þar fram önnur og frekari atriði.

Eitt af þeim atriðum sem tilgreina skal í samþykktum félags er kjörtímabil endurskoðanda, endurskoðunarfyrtækis, skoðunarmanns eða trúnaðarmanns úr hópi félagsmanna. Þannig er gert ráð fyrir að kosinn sé annað hvort endurskoðandi, endurskoðunarfyrtæki, skoðunarmaður eða trúnaðarmaður úr hópi félagsmanna til að endurskoða eða yfirfara ársreikning félagsins. Í 22. gr. er nánar fjallað um hæfi og hlutverk slíkra aðila. Rétt er að taka fram að skoðunarmaður félags getur bæði verið utanaðkomandi skoðunarmaður sem kosinn er til að yfirfara ársreikning eða skoðunarmaður úr hópi félagsmanna en til þeirra er vísað í lögnum sem trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna. Er sú orðnotkun í samræmi við orðnotkun í 35. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994, þar sem fjallað er um hæfi og hlutverk skoðunarmanna.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að félagsmenn í félaginu geti verið hvort heldur sem er einstaklingar, félög, sjóðir eða sjálfseignarstofnanir. Þá er átt við það að félög geti verið samsett eingöngu af einstaklingum eða verið samband fleiri félaga, sjóða og sjálfseignarstofnana. Einnig væri unnt að skipuleggja félag á þann hátt að einstaklingar, almenn félagasamtök, sjóðir og stofnanir ættu aðild að einu félagi. Samþykktir slíkra félagasamtaka yrðu þá að taka mið af félagsmönnum en í 18. gr. er að finna ákvæði um slík félagasambönd.

Í 2. mgr. er að finna fyrirmæli um inngöngu í félagið. Ósk um inngöngu skal beina til stjórnar sem tekur ákvörðun um inngöngu, mæli samþykktir félagsins ekki fyrir um annað. Þátttaka í félögum til almannaheilla ætti að vera sem lýðræðislegust og ekki bundin við nema mjög almenn skilyrði.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu félaga til að halda félagaskrá og hvað þurfi að lágmarki að koma fram í skránni. Slík félagaskrá er nauðsynlegt forsenda þess að félagið geti átt samskipti við félagsmenn sína, svo sem til boðunar á félagsfundi.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið á um rétt félagsmanns til að segja sig úr félagi þegar honum þóknast og hvert slíkri úrsögn skuli beint. Frjálsur aðgangi að félagi fylgir eðlilega frjáls úrsögn. Þó er heimilað að í samþykktum megi ákveða nokkurn fyrirvara á úrsögn. Þetta er gert til þess að treysta félagsskapinn og koma í veg fyrir að fjöldaúrsagnir geti gert starfsemi félagsins erfitt um vik með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir þá sem ef til vill hafa annaðhvort lánað til hans fé eða reida sig á framlög frá honum.

## Um 8. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um brottvísun úr félagi. Brottvísun úr félagi verður ekki framkvæmd nema kveðið sé á um slíkt í samþykktum þess. Dæmi um slík skilyrði eru t.d. ef félagsmaður hefur ekki greitt félagsgjöld um nokkurn tíma, hafi hann flutt af félagssvæðinu eða hafi haft uppi óhróður gegn félaginu sjálfu og tilgangi þess. Þó má alltaf vísa þátttakanda úr félagi að uppfylltu öðru tveggja skilyrða sem talin eru í ákvæðinu. Gjalda verður þó varhuga við að blanda því saman sem kalla má óhróður gegn stjórn eða stjórnar meðlimum og óhróðri um félagið sjálft. Þá verður að athuga að í nútímaþjóðfélagi verða menn að hafa verulegt umburðarlyndi með nokkuð óhefluðu tungutaki áður en þeir grípa til brottvísunar. Þá verður að athuga að eftir því sem meiri hagsmunir eru tengdir félagsaðild fyrir einstakan félagsmenn verður að gæta meira umburðarlyndis almennt séð.

Í 2. mgr. eru ákvæði um meðferð brottvísunar úr félagi. Það er félagsfundur sem ákveður um brottvísun sé annað ekki tiltekið í samþykktum félagsins. Er hér um að ræða reglu sem almennt verður að telja eðlilega. Í tillögu til brottvísunar þarf að geta ástæðu hennar. Félagsmaður getur sjálfur tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og gefa á honum kost á að tjá sig um tillöguna áður en hún er borin upp. Undantekning frá þessu er þó ef brottvísunin er vegna þess að viðkomandi hafi ekki greitt félagsgjöld.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að séu um það ákvæði í samþykktum að stjórn félagsins taki ákvörðun um brottvísun, og hafi hún gert það, á félagsmaður að geta skotið þeirri ákvörðun til félagsfundar innan ákveðins frests samkvæmt ákvæðum samþykktanna.

Í 4. mgr. er loks mælt fyrir um það að í samþykktum félagsins megi ákveða að hafi félagsmaður ekki í ákveðinn tíma greitt félagsgjöld megi telja hann genginn úr félaginu.

## Um 9. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að félagsfundur fari með æðsta vald í málefnum félags samkvæmt því sem segir í samþykktum þess. Félagsfundur getur verið bæði aðalfundur, aukaaðalfundur eða almennur félagsfundur.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákveða þurfi í samþykktum félags hvenær halda skuli aðalfund þess og að hafi aðalfundur ekki verið boðaður eig hver félagsmaður rétt á að krefjast þess að fundurinn verði haldinn.

Í 3. mgr. er kveðið á um aðra félagsfundi en reglulega aðalfundi skuli halda þegar slíkt hefur verið ákveðið á aðalfundi, ef stjórn telur ástæðu til þess eða ef minnst 1/10 hluti atkvæðisbærra félagsmanna krefst þess til meðferðar ákveðins tilgreinds máls.

Í 4. mgr. er kveðið á um að þegar félagsmenn gera kröfu um að haldinn sé félagsfundur til meðferðar ákveðins tilgreinds máls, sbr. 3. mgr., þá skuli senda stjórn félagsins skriflega kröfu þessi efnis. Í kröfunni skal tilgreina það eða þau málefni sem gerð er krafa um að rædd séu á fundinum. Skal stjórn í slíkum tilfellum boða til fundarins án tafar. Hafi fundur ekki verið boðaður eða hafi félagsmanni ekki verið unnt að senda kröfu, sbr. 3. mgr., til stjórnar getur þar til bær félagsmaður eða félagsmenn beint kröfu til ráðherra um að hann hlutist til um að láta boða til fundarins. Ráðherra getur látið boða til og halda fundinn á kostnað félagsins eða lagt fyrir stjórn þess að halda fundinn. Um fundarboð, kostnað o.fl. fer eftir ákvæðum 62. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Almennt hefur framkvæmd á heimild ráðherra skv. 62. gr. laga um einkahlutafélög verið þannig að kannað er hvort skilyrði kröfunnar sem beint er til ráðherra séu uppfyllt. Kannað er hvort sá sem gerir kröfuna sé hluthafi í viðkomandi félagi, hvort hann eigi tilskilinn hlut í félaginu, hvort hann hafi beint kröfu til stjórnar félagsins um boðun hluthafafundar, hvort í þeirri kröfu sé tilgreint fundarefni og hvort stjórn félagsins hafi ekki boðað til fundarins. Séu skilyrði ákvæðisins fyrir hendi óskar ráðherra eftir því að sá

eða þeir aðilar sem gera kröfuna leggi fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar við fundarhaldið en félagið á að bera kostnaðinn endanlega.

Í 5. mgr. er kveðið á um að fundarstjóri á félagsfundi skuli að sjá til þess að ákvarðanir fundarins séu færðar til bókar. Þannig skal skrá ákvarðanir fundarins og úrslit atkvæðagreiðslna í fundargerðabók. Skrá yfir viðstadda félagsmenn og umboðsmenn á fundinum skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundarstjóri og minnst tveir fundarmanna, sem félagið eða fundurinn hefur til þess valið, skulu fara yfir og staðfesta fundargerð með undirritun sinni.

Í 6. mgr. er kveðið á um rétt félagsmanna til að fá afhentar bókanir skv. 5. mgr. er þeir krefjast þess.

#### Um 10. gr.

Í 10. gr. eru taldar upp þær ákvarðanir sem aðeins má taka á aðalfundi en hér er um að ræða grundvallarákvarðanir félagsins sem hafa áhrif bæði út á við og inn á við.

#### Um 11. gr.

Í 1. mgr. er að finna fyrirmæli um aðalfundarboð og hvað slíkt fundarboð þarf að innihalda en gert er ráð fyrir að kveðið sé á um aðalfundarboð í samþykktum félags

Í 2. mgr. er tekið fram að eigi félagsmenn rétt á að taka þátt í aðalfundi á rafrænan hátt þá skuli um það getið í fundarboði. Enn fremur kemur fram að hafi rafræn þátttaka í aðalfundi þau áhrif að tjáningarfrelsi félagsmanna sem þannig taki þátt í fundinum sé takmarkað skuli þess getið í fundarboði.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hafi ekki verið getið um þau atriði sem nefnd eru í 10. gr. í fundarboði aðalfundar verður þeim ekki ráðið til lykta á fundinum. Hafi þannig láðst að geta í fundarboði einhvers af þeim atriðum sem talin eru í ákvæðinu verður að boða til aukaáðalfundar til þess að ráða viðkomandi atriðum til lykta.

#### Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins fjalla um atkvæðisrétt félagsmanna. Það er einkennandi fyrir það félagiform sem hér um ræðir að hver þátttakandi hefur eitt atkvæði. Aðalreglan er að félagismaður verður að fara með atkvæði sitt sjálfur nema annað sé sérstaklega heimilað í samþykktum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að í samþykktum félags megi ákveða að sá sem um ákveðinn tíma hefur ekki greitt félagsgjald geti ekki neytt atkvæðisréttar.

Í 4. mgr. er kveðið á um að sé rafræn atkvæðagreiðsla í félagi heimil skuli mæla fyrir um fyrirkomulag hennar í samþykktum félagsins.

#### Um 13. gr.

Í 13. gr. er fjallað um hæfi félagsmanna og stjórnarmanna á aðalfundi. Afstaða aðila til málefnis eða ákvörðunar getur valdið vanhæfi og getur viðkomandi þá ekki tekið þátt í umfjöllun um tiltekið mál eða greitt atkvæði um það.

#### Um 14.–15. gr.

Ákvæði 14.–15. gr. varða úrslit atkvæðagreiðslu um ákvörðun. Jafnframt er ákveðið í ákvæðinu að sé félag aðili að öðru félagi megi ákveða í samþykktum þess að breyting á þeim krefjist einnig samþykkis þess félags.

## Um 16.–17. gr.

Í 16.–17. gr. eru ákvæði um hvernig ráða megi bót á því hafi ákvarðanir að einhverju leyti orðið rangar að formi eða efni eða hvernig fara megi með það hafi ákvörðun verið ógild. Ákvæðin þarfnast ekki frekari skýringa.

## Um 18. gr.

Í 18. gr. er að finna ákvæði um félagasambönd en með því er átt við félög þar sem félagsmenn eru annað hvort eingöngu önnur félög eða einstaklingar og önnur félög. Er gert ráð fyrir að þegar um félagasamband er að ræða þá geti kjörnir fulltrúar í þeim félögum sem eru félagsmenn í félagasambandi tekið ákvörðun fyrir hönd síns félags. Kveða skal á um það í samþykktum félags ef ákvörðunarrétti skuli beitt með atkvæðagreiðslu og hvaða málefni eða undir hvaða kringumstæðum atkvæðagreiðsla með þessum hætti skuli fara fram.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvæði 10. og 11. gr. um aðalfund gildi um fundi fulltrúaráðs eftir því sem við geti átt. Þá er kveðið á um það að atkvæðagreiðsla samkvæmt þessari grein gildi ekki um þau málefni sem tekin skuli til ákvörðunar á aðalfundi skv. 10. gr.

Samkvæmt 3. mgr. má kveða á um það í samþykktum að við atkvæðagreiðslu í félagasambandi geti félagsmenn í sambandinu tekið ákvarðanir fyrir hönd félagsins hvort sem þeir eru beinir félagsmenn í félaginu eða félagar í einhverju aðildarfélagi þess.

Gert er ráð fyrir því að atkvæðagreiðsla samkvæmt þessari grein geti farið fram rafrænt, með pósti, tölvupósti eða á annan sambærilegan hátt.

## Um 19. gr.

Í 19. gr. eru gerðar lágmarkskröfur um fjölda stjórnarmanna. Þar eru einnig taldar grundvallarskyldur þeirra. Sagt er fyrir um lágmarksfundarsókn á stjórnarfundum svo að fundurinn sé ályktunarbær og að einfaldur meirihluti stjórnarmanna ráði úrslitum hafi annað ekki verið tekið fram í samþykktunum.

Samkvæmt 4. mgr. er það stjórn félags sem kemur fram fyrir það en hafi framkvæmdastjóri verið ráðinn er það hann sem hefur yfirstjórn daglegs rekstrar eftir stefnu stjórnar og fyrirmælum. Innan sinna valdmarka getur hann einnig komið fram fyrir hönd félagsins, sbr. 2. mgr. 20. gr. Daglegur rekstur tekur ekki til óvenjulegra og mikils háttar ráðstafana. Þær verður framkvæmdastjóri að bera undir stjórn. Í samþykktum má takmarka og skýra völd framkvæmdastjóra frekar. Stjórnin verður að hafa nægilegt eftirlit með bókhaldi félagsins og að fjármunum þess sé ráðstafað á forsvaranlegan hátt og í samræmi við tilgang félagsins.

Í 5. mgr. er kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skuli vera lögráða, þ.e. að þeir þurfa að vera a.m.k. 18 ára, ekki sviptir lögræði og fjár síns ráðandi, þ.e. bú þeirra má ekki vera undir gjaldþrotaskiptum. Framangreind skilyrði geta verið félögum sem t.d. vinna að málefnum ungmenna tilefni til að huga að stjórnskipulagi sínu með það í huga að ungmenni yngri en 18 ára geti haft áhrif á starfsemi félagsins þó þau geti ekki setið í stjórn þess.

Í 6. mgr. er kveðið á um að einungis stjórn geti veitt og afturkallað prókúruumboð en að öðru leyti gilda um prókúruumboð ákvæði laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

## Um 20. gr.

Í 20. gr. er boðið að stjórn riti firma félagsins en í samþykktunum má hins vegar mæla öðruvísi fyrir um þetta atriði. Hvernig það verður gert á annan hátt er tæmandi talið í ákvæðinu.



## Um 21. gr.

Í 21. gr. er mælt fyrir um hæfi stjórnarmanna og starfsmanna til meðferðar einstaks máls.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði þar sem reynt er að sporna við háum launum stjórnenda og annarra trúnaðarmanna félagsins. Þá er lagt bann við því að veita sömu aðilum og þeirra nánustu lán eða tryggingu. Þetta á þó ekki við um venjulega fyrirgreiðslu félags sem allir sem uppfylla ákveðin skilyrði eiga jafnan aðgang að, svo sem úthlutanir hjá hjálparstofnunum.

## Um 22. gr.

Í 1. mgr. segir að félögum þeim sem falla undir lögina sé skylt að færa bókhald og gera ársreikning í samræmi við lög um bókhald. Í 1. mgr. 1. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994, eru taldir upp þeir aðilar sem eru bókhaldsskyldir en þar segir í 7. tölul. að hvers konar önnur félög en talin eru upp í 1.–6. tölul., sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu séu bókhaldsskyld. Gera má ráð fyrir að þau félög sem óska eftir skráningu í almannaheillafélagaskrá falli þegar undir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994. Þannig er ekki verið að leggja auknar skyldur á félög hvað varðar færslu bókhalds og gerð ársreiknings heldur er hnykkt á því að þau félög sem lögina gilda um séu bókhaldsskyld og að ákvæði laga um bókhald gildi um bókhald þeirra og gerð ársreiknings. Einnig er lagt til að kveðið verði á um það að stjórn félags og framkvæmdastjóri skuli semja ársreikning fyrir hvert reikningsár þannig að skýrt sé hvaða aðilar beri ábyrgð á samningu ársreiknings í þeim félögum sem falla undir lögina. Í lögum um bókhald segir að ársreikningur skuli undirritaður af þeim sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 5. gr. laganna, þ.e. stjórnendum þeirra félaga, sjóða og stofnana, sem um ræðir í 1.–7. tölul. 1. gr., og þeim sem ábyrgð bera á starfsemi skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., sbr. og 2. mgr. 1. gr., og sem skulu sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum þeirra laga og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að á aðalfundi eða fulltrúaráðsfundi skuli kosnir einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn úr hópi félagsmanna til að yfirfara ársreikning félagsins og varamenn þeirra. Um endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki gilda sérlög en í þeim lögum er m.a. að finna ákvæði um hæfi og störf endurskoðenda. Ákvæði um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna er að finna í lögum um bókhald. Lagt er til að hnykkt sé á því að lög um endurskoðendur og lög um bókhald gildi um hæfi og störf endurskoðenda, endurskoðunarfyrtækja og skoðunarmanna og trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna. Þá er lagt til að kveðið verði á um það að trúnaðarmenn sem kosnir eru úr hópi félagsmanna megi ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það. Þannig er undirstrikað mikilvægi þess að trúnaðarmenn úr hópi félagsmanna komi ekki að ákvörðunum um atriði sem upp eru talin í ákvæðinu sem þeir aftur eiga að staðfesta að hafi verið í samræmi við ákvarðanir félagsfunda og stjórnar.

Lagt er til að í 3. mgr. verði kveðið á um það að hafi félag með höndum verulegan atvinnurekstur skuli þess gætt að fjárreiðum og reikningshaldi varðandi þann rekstur sé haldið frá öðru bókhaldi og eignum félagsins. Þá er lagt til að kveðið sé á um það í lögnum að sé félag í tengslum við atvinnufyrirtæki samkvæmt samþykktum sínum eða samningi skuli þess getið í ársreikningi félagsins eða skýringum við hann.

Í 4. mgr. er lagt til að ársreikningur skuli fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs og er það í samræmi við ákvæði laga um bókhald. Einnig er lagt til að kveðið verði á um það að ársreikningur skuli lagður fram á aðalfundi félags til samþykktar.

Í 5. mgr. er lagt til að eigi síðar en mánuði eftir að ársreikningur hefur verið samþykktur á aðalfundi skuli stjórn félagsins birta ársreikning og, ef við á, samstæðureikning, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis eða undirritun skoðunarmanna

eða trúnaðarmanna úr hópi félagsmanna, sem og upplýsingar um hvenær ársreikningur var samþykktur, á vef félagsins eða opinberlega með sambærilegum hætti. Þrátt fyrir að ekki sé sérstaklega kveðið á um það í lögum um bókhald að ársreikningur sem saminn er samkvæmt ákvæðum laganna skuli innihalda skýrslu stjórnar þá verður að ætla að sú sé raunin. Í því sambandi er rétt að benda á ákvæði 33. gr. og 3. mgr. 34. gr. laganna þar sem vísað er til þess að endurskoðandi og skoðunarmaður eigi að staðfesta að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita.

#### Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um slit félags að ákvörðun þátttakenda. Hafi félag komist í þrot gilda lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 /1991, og ber að fara eftir þeim. Þar á meðal hvílir sú skylda á stjórn að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta að þeim skilyrðum uppfylltum sem um slíkt gilda. Rétt er að vekja athygli á því að eftir að ákveðið er að slíta félagi, á hvaða hátt sem það verður gert, má ekki gera fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu félagsins aðrar en þær sem nauðsynlegar eru vegna slitamedferðarinnar. Stjórnarmenn og skiptastjórar geta bakað sér skaðabótaábyrgð fari þeir ekki rétt með bú félagsins.

#### Um 23. gr.

Hafi aðalfundur eða fulltrúaráð félags í samræmi við ákvæði f-liðar 10. gr. samþykkt að slíta því fer um meðferð slíkrar samþykktar skv. 32. gr. Stjórnin á þá að framkvæma þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru. Stjórnin getur þó þess í stað ráðið skiptastjóra eða skiptastjórn til að framkvæma verkið. Hafi endanleg reikningsskil verið lögð fram á fundi þar sem slitin eru samþykkt og þar kemur fram að engar skuldir eru í félaginu er ekki þörf á slita-meðferð félagsins. Í 2. mgr. greinarinnar eru tíundaðar heimildir skiptastjóra. Félaginu er talið slitið þegar slitamedferð er lokið og það er tilkynnt og félagið afskráð, sbr. 3. mgr. 32. gr.

#### Um 24. gr.

Greinin heimilar fyrirtækjaskrá að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að afskrá almannaheillafélag og sagt hvernig með eigi að fara.

#### Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um slit félags með dómi og heimild dómstóla til að banna starfsemi félags til bráðabirgða. Skoða verður þessi ákvæði í ljósi 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi en samkvæmt því ákvæði má stofna félag í hverjum löglegum tilgangi. Það verður og ekki lagt niður með stjórnvaldsákvörðun nema til bráðabirgða sé talið að starfsemi þess sé ólögmat. Í frumvarpinu eru gerðar ríkari kröfur að því leyti að starfsemi félags verður ekki bönnuð til bráðabirgða nema með dómsúrskurði. Ætla má að dómara muni við úrlausnir sínar samkvæmt kaflanum líta til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi eins og þau hafa verið skýrð af Mannréttindadómstóli Evrópu, svo og munu ákvæði annarra sáttmála sem íslenska ríkið er aðili að verða höfð til hliðsjónar. Bann mundi því aðeins lagt við starfsemi félags í algjörum undantekningartilfellum. Gæta verður sjónarmiða um meðalhóf og banni því aðeins beitt komi ekki önnur og vægari úrræði að gagni.

Samkvæmt ákvæðum kaflans er það ráðherra sem fer með málefni ákærvalds og dómstóla, ríkissaksóknari og félagsmenn sem geta gert kröfur samkvæmt ákvæðum 25. gr. Tillaga er gerð að þessari tilhögun að fyrirmynd finnskra laga um sama efni. Það verður þó að ætla að ráðherra haldi mjög að sér höndum og láti ríkissaksóknara um að fara með þessar heimildir

stjórnvalda. Ríkissaksóknari mundi helst gera slíka kröfu í tengslum við aðra saksókn alvarlegs eðlis.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er heimilað að slíta félagi með dómi að undangenginni málsókn þátttakenda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Heimild þessa ber vegna félagafrelsisins að nota sparlega og skýra verður skilyrðin sem upp eru talin í greininni þröngt.

Um 26. gr.

Í 26. gr. er heimilað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að banna starfsemi félags til bráðabirgða.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er sagt fyrir um meðferð mála samkvæmt kaflanum.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er mælt fyrir um að ríkisskattstjóri skrái félög til almannaheilla í samræmi við lög og lög um fyrirtækjaskrá og starfræki í því skyni almannaheillafélagaskrá. Gert er ráð fyrir að skráin sé opinber og aðgengileg almenningi.

Um 29. gr.

Í 29. gr. er fjallað um tilhögun tilkynningar til almannaheillafélagaskrár, hvað þurfi að koma fram í tilkynningu til skrárinnar og hvaða fylgiskjöl eigi að fylgja.

Í 5. mgr. er að finna ákvæði um breytingu á skráningu almennra félagasamtaka sem þegar eru skráð hjá fyrirtækjaskrá í félög til almannaheilla.

Um 30. gr.

Í 30. gr. eru ákvæði um meðferð fyrirtækjaskrár á tilkynningu um stofnun og skráningu almannaheillafélaga. Þar eru upp talin þau grunnatriði sem starfsmenn fyrirtækjaskrár verða að fara yfir og heimild gefin til að hafna skráningu uppfylli tilkynningin ekki skilyrðin. Áhersla er lögð á að farið verði yfir tilkynninguna eins fljótt og auðið er enda getur verið mikilvægt að yfirferð fyrirtækjaskrár dragist ekki.

Um 31. gr.

Í 31. gr. er mælt fyrir um sérstakt auðkenni félaga samkvæmt frumvarpinu og engum öðrum heimilað það auðkenni.

Um 32. gr.

Í 32. gr. eru ákvæði um tilkynningar um breytingar á því sem stendur í skrá um almannaheillafélög. Breytingarnar taka gildi við skráningu. Meðferð þessara tilkynninga á að fylgja sama mynstri og tilkynningar um stofnun þessara félaga.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um að tilkynna skuli almannaheillafélagaskrá þegar félögum til almannaheilla hefur verið slitið, sbr. VII. kafla laganna, og að auglýsa skuli slitin í Lögbirtingablaði.

Um 33. gr.

Í 33. gr. er kveðið á um að ráðherra skuli gefa út reglugerð um innihald skrár um almannaheillafélög, verkferla og meðferð tilkynninga til hennar.

Um 34. gr.

Í 34. gr. er mælt fyrir um refsingar og á ákvæðið sér að hluta til fyrirmynd í 127. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, sbr. einnig 153. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995.

Til brota samkvæmt ákvæði þessu er krafist ásetnings. Hins vegar þarf auðgunartilgangur ekki að vera fyrir hendi til þess að greinin eigi við. Sé auðgunartilgangur fyrir hendi mundi slíkt venjulega varða við ákvæði almennra hegningarlaga.

Um 35. gr.

Í 35. gr. er lagt til að kveðið verði á um að það skuli varð þann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sem gerist sekur um tilgreindar athafnir er varða atkvæðagreiðslu á aðalfundi. Mikilvægt er fyrir heilbrigðan félagsrekstur að atkvæðagreiðslu sé ekki ólöglega raskað og ekki sé beitt ólöglegum áhrifum við framkvæmd hennar og miða ákvæði greinarinnar að því að koma í veg fyrir slíkt.

Um 36. gr.

Lagt er til að gildistaka laganna verði 1. janúar 2020.

Um 37. gr.

Í 3. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, er að finna upptalningu á þeim skráum sem fyrirtækjaskrá er gert að halda. Lagt er til að skrá yfir félög til almannaheilla verði bætt við þá upptalningu.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til að breyta skráningu almennra félagasamtaka sem þegar eru skráð hjá fyrirtækjaskrá í félög til almannaheilla.